

**Sp.**

## **856. Skýrsla**

um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1973.

Frá forsætisráðherra.

### **STARFSEMI HAGRANNSÓKNADEILDAR 1973**

#### **Inngangur.**

Starfsemi deildarinnar á árinu 1973 var með líku sniði og undanfarin ár. Helstu verkefni voru sem fyrr, að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, færa þjóðhagsreikninga, semja þjóðhagsspár og -áætlanir, vinna að hagrannsóknnum, veita almenna upplýsingaþjónustu á sviði efnahagsmála og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum. Eins og gefur að skilja fléttast þessir þættir starfsins saman á ýmsa vegu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum helstu viðfangs-efnum deildarinnar á árinu 1973, en fyrst verður greint frá starfsliði hennar.

Við áramót 1973—74 voru fastráðnir starfsmenn 14, þar af við skýrslugerð og hagrannsóknir 10, en við reikni- og skrifstofuþjónustu 4. Tala fastráðinna starfsmanna breyttist ekki á árinu 1973, þótt ráð væri fyrir því gert í fjárhagsáætlun ársins að fjölga sérfræðingastöðum um tvær. Í stað fjölgunar fastráðinna manna kom að verulegu leyti aukin vinna lausráðinna starfsmanna, bæði viðskipta- og hagfræðinga og viðskipta- og hagfræðinema í námshléum. Vinna þessara lausráðnu manna nam á árinu alls um 37 mannmánuðum, sem bera má saman við 18 mannmánuði árið 1972. Auk þess var um að ræða nokkra lausavinnu aðra við reikniástoð.

### **Þjóðarbúskapurinn.**

Á árinu 1972 hóf hagrannsóknadeild útgáfu almennra yfirlitsskýrsla um efnahagsmál með heitinu „Þjóðarbúskapurinn“. Á því ári komu út tvær skýrslur með þessu heiti, sú fyrri í júní, fjölrítuð, en hin síðari í október, prentuð. Á árinu 1973 komu út tvær prentaðar skýrslur í þessari röð og mun ítarlegri en áður. Fyrri skýrslan kom út í júlí og gaf yfirlit yfir hagþróun ársins 1972 og horfur líðandi árs, auk þess sem hún hafði að geyma efnahagsannál ársins 1972 og fyrri árshelmings 1973. Hin síðari kom út í desember og fjallaði um framvindu efnahagsmála 1973 og horfur á næsta ári. Með útkomu þessara skýrsla má telja, að festa sé komin í útgáfu „þjóðarbúskapsins“ en regluleg, opinber birting yfirlitsskýrsla af þessu lagi er nauðsynleg undirstaða skoðanamyndunar og ákvarðanatöku um efnahagsmál.

Auk þessara tveggja yfirlitsskýrsla samdi deildin á árinu ársskýrslu Íslands til OECD: Iceland — General Economic Review 1973. Skýrslu þessari, sem kom út í marslok, var jafnframt dreift til annarra alþjóðastofnana á sviði efnahagsmála, til sendiráða Íslands erlendis og til erlendra sendiráða á Íslandi og víðar, svo sem tíðkast hefur undanfarin ár. Yfirlitsskýrslur þessar á ensku, sem í má finna í senn yfirlit yfir nýliðna tíð — áður en endanlegar tölur liggja fyrir — og mat á horfunum fyrir næstu framtíð auk nýjustu endanlegra þjóðhagstalna, hafa um árabíl verið helsta opinbera kynning íslenskra efnahagsmála í heild á erlendum vettvangi.

Í „Þjóðarbúskaparskýrslunum“ og ársskýrslunni til OECD voru settar fram þjóðhagsspár fyrir árið 1973 og loks frumdrög þjóðhagsspár fyrir árið 1974 í desemberskýrslunni. Reyndar má segja, að þessar spár til eins árs í senn séu í stöðugri endurskoðun, einkum í sambandi við gerð vinnuskýrsla til ríkisstjórnarinnar og eins vegna viðræðna við og skýrslugjafar til alþjóðastofnana, þótt þær birtist ekki opinberlega nema tvisvar til ári.

Undirstaða þjóðhagsspánna er að sjálfsögðu vinna deildarinnar á sviði þjóðhagsreikninga og hagskýrsla, en jafnframt tölfræðilegar athuganir á samhengi helstu þjóðhagsstærða.

Þjóðhagsreikningagerð var með líkum hætti og verið hefur. Í deildinni voru samdar heildarskýrslur um þjóðarútgjöld (einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndun og birgðabreytingar). Á þessum grunni og á grunni skýrsla um utanríkisviðskipti voru settar fram tölur um þjóðarframleiðslu og tekjur. Þessar tölur eru studdar margvíslegum athugunum öðrum. Á árinu var unnið að tölfræðilegum athugunum á vixlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Þá var unnið að tölfræðilegum athugunum á þróun íslenskra þjóðhagsstærða frá 1945 til 1973, með það fyrir augum, að á niðurstöðum þessara athugana megi reisa líkön af samhengi þeirra til nota við gerð þjóðhagsspáa og áætlana, bæði til langs og skamms tíma. Ætlunin er, að fyrstu niðurstöður þessara athugana, ásamt samfelldu þjóðhagsreikningaefni fyrir tímabilið 1945—1973, birtist á árinu 1974 sem fyrsta rit í sérstakri röð um þjóðhagsreikninga. Þjóðhagsreikningatölur frá deildinni birtust á árinu 1973 í skýrslum OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna, í Norrænu tölfræðihandbókinni og víðar. Innanlands birtust þjóðhagsreikningatölur deildarinnar (um þjóðarframleiðslu, þjóðartekjur, þjóðarútgjöld og þjóðarauð) í ýmsum ritum auk eigin rita, í Fjármálatíðindum, ársskýrslu Seðlabankans, Hagtölum iðnaðarins og víðar.

### **Atvinnuvegaskýrslur.**

Eitt meginviðfangsefni deildarinnar eru athuganir á þróun framleiðslu og rekstrarafkomu atvinnuveganna. Á árinu 1973 var unnið að því að bæta gerð atvinnuvegaskýrsla deildarinnar. Þessi endurskoðun tók í senn til vinnuaðferða við úrtöku og úrvinnslu frumgagna og til birtingar skýrslanna.

Á árinu 1973 samdi deildin sem fyrr yfirlit yfir rekstur fiskiðnaðarins og einstakra greina hans úr ársreikningum og skattframtölum nær allra frystihúsa og fiskmjölsverksmiðja á landinu og úr mjög stóru úrtaki úr öðrum greinum fiskiðnaðar. Gott samstarf var við fyrirtækin sjálf og útflytjendur sjávarafurða og

samtök fiskframleiðenda við þessa athugun. Þá var samið heildaryfirlit yfir rekstur fiskiskipaflotans eftir útgerðargreinum í samvinnu við Fiskifélag Íslands og Reikningastofu sjávarútvegsins og á grundvelli gagna frá þessum aðilum og Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Niðurstöður þessara athugana fyrir árið 1971, ásamt áætluðum spám um árin 1972 og 1973, birtust í sérstakri skýrslu um „Sjávarútveg 1969—1973“ í júní 1973 (Atvinnuvegaskýrslur ASÍ Nr. 3). Áætlanir um stöðu sjávarútvegsgreina eru raunar í stöðugri endurskoðun. Haustið 1973 lágu fyrir niðurstöður athugana á reikningum ársins 1972 og nýjar áætlanir um árið 1973 á þeim grundvelli. Þetta starf stendur í nánnum tengslum við þjónustu deildarinnar við Verðlagsráð sjávarútvegsins, en hefur einnig annað gildi, t. d. vegna ákvarðana Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, gengisákvæðana og til upplýsinga fyrir aðila vinnumarkaðarins.

Þá voru samdar í deildinni, á grundvelli gagna frá Hagstofu, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Búnaðarfélaginu, yfirlitsskýrslur um bústofn og framleiðslu-magn og verðmæti landbúnaðarafurða.

Í maí 1973 kom út, í röð atvinnuvegaskýrslna deildarinnar, yfirlitsskýrsla um afkomu og framleiðslu iðnaðarins árin 1968—1971 (Iðnaður 1968—1971, AS Nr. 2). Í þessu riti birtust niðurstöður úrtaksathugana deildarinnar á rekstrarstærðum og efnahag iðnaðar auk endurskoðunar talna um framleiðslu og framleiðniþróun iðnaðar á síðustu árum. Auk reikningstalna fram til 1971 voru settar fram lauslegar áætlanir um rekstrarafkomu iðnaðarins 1972. Á árinu var öll úrvinnsla úr rekstrar- og efnahagsreikningum iðnfyrirtækja skipulögð til vélvinnslu og mun það framvegis flýta gerð heildarskýrslna. Á árinu 1973 var einnig lokið við fyrstu yfirlitsskýrslu um rekstur verslunar í heild árin 1971 og 1972. Niðurstöðurnar birtust í sérstakri skýrslu (Verslun 1971, AS Nr. 4) í desember 1973. Endanleg útskrift niðurstæðna úr verslunarathugunum fór fram í rafreikni Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands; þar með hafa bæði iðnaðar- og verslunarskýrslur verið bundnar í fastara form en áður, og er nú unnið að því að færa þetta kerfi til fleiri greina. Markmiðið er að lýsa árlega með lágmarkstöf rekstri og efnahag allra atvinnugreina með sama hætti og ná þannig í senn heildarmynd og greina sundurliðun framleiðslustarfseminnar í landinu. Þegar þessu marki hefur verið náð liggur næst fyrir að tengja þessi yfirlit einstakra greina saman í aðfanga- og afurðatölum (input-output tables), sem gætu verið mikilvægt tæki til hagrannsókna. Þessi áfangi er þó enn nokkuð langt undan, en hins vegar þarf að hafa hann í huga þegar grunnur er lagður að reglulegri skýrslugerð um atvinnuvegina til fjölbreyttra nota við rannsóknir og áætlanagerð.

Auk yfirlita yfir hag atvinnuvega á liðnum árum voru á árinu samdar ýmsar lauslegar áætlanir um afkomu á árinu 1973 og horfurnar framundan. Niðurstöður slíkra athugana á stöðu sjávarútvegs, iðnaðar og verslunar voru m. a. afhentar aðilum vinnumarkaðarins til nota við kjarasamningaviðræður haustið 1973. Haustið 1973 var enn fremur gerð sérstök athugun á stöðu þeirra greina iðnaðar (annars en fiskiðnaðar), sem selja hluta af framleiðslu sinni til útlanda.

Að því er stefnt, að bæta aðferðirnar við gerð afkomuáætlana einstakra atvinnugreina, en það verkefni hlýtur þó að þróast á löngum tíma, vegna þess hve fjölbreyttar og flóknar allar aðstæður eru, t. d. í iðnaðinum, en hins vegar er rannsóknarmannaflinn takmarkaður og ýmsar grundvallarupplýsingar torfengnar. Á árinu voru teknar upp viðræður við samtök iðnaðarins um samvinnu við athuganir á stöðu og viðskiptakjörum iðnaðar.

#### **Tekjur — atvinna.**

Tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1974 var unnin af deildinni, auk þess sem fylgst var með innheimtu ríkistekna á árinu 1973 og tekjuáætlun fjárlaga þess árs endurskoðuð. Einnig lét deildin sveitarfélögum í té ýmsar tölulegar upplýsingar til notkunar við gerð fjárhagsáætlana. Þá veitti deildin aðstoð við athugun á tekjubörf

og tekjuöflun safnaða þjóðkirkjunnar í samráði við nefnd á vegum þjóðkirkjunnar, er gera skyldi tillögur um þetta mál.

Í nóvember sl. skilaði nefnd um tekjuöflun ríkisins skýrslu til fjármálaráðherra um úttekt og endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Deildin annaðist ýmis verkefni fyrir nefndina, aðallega talnaúrvinnslu til notkunar við skýrslugerðina, og í samvinnu við Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans var gert reiknilíkan af skattlagningu einstaklinga. Notkun þessa reiknilíkans auðveldar mjög mat á áhrifum breyttrar skattlagningar einstaklinga, hvort sem er á heildarupphæðir álagðra skatta eða á skattbyrði einstaklinga eftir tekjuhæð og fjölskylduaðstæðum. Var þetta reiknilíkan m. a. notað til þess að meta ýmis dæmi um tilflutning á skattheimtu ríkisins úr beinum sköttum yfir í óbeina skatta með lækkun tekjuskatts og hækkun söluskatts, en slík dæmi voru lögð til grundvallar í viðræðum ríkisstjórnarinnar við launþegasamtökin um breytingar á skattkerfinu í tengslum við nýja kjarasamninga.

Að öðrum verkefnum á sviði atvinnu- og tekjumálefna má nefna reglubundnar athuganir á tekjum einstaklinga og félaga, aðallega með úrvinnslu úr skattframtölum. Eru þessar athuganir liður í undirbúningi að heildaruppgjöri þjóðartekna frá tekjuhlið og þáttaskiptingu þjóðartekna, sem áfram er unnið að. Á árinu 1973 var hafinn undirbúningur að því að fylgjast reglulega með eftirspurn eftir vinnuafli, eins og hún birtist í auglýsingum eftir vinnuafli í blöðum og útvarpi. Með þessu fengist ný vísending um ástandið á vinnumarkaðinum, einkum þegar atvinna er mikil og atvinnuleysisskráning því lítt marktæk um almennt atvinnuástand.

Á árinu veitti deildin umsögn um gjaldskrárbreytingar Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, eins og kveðið er á um í lögum þessara fyrirtækja. Auk þess fékk deildin mörg önnur gjaldskrármál til umsagnar frá hinum ýmsu ráðuneytum. Flest erindi bárust frá Iðnaðarráðuneytinu, aðallega um gjaldskrárbreytingar hitaveitna og rafveitna og voru gjaldskrárbreytingar Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur veigamest þessara mála, og bárust fleiri en eitt erindi vegna beggja þessara fyrirtækja á árinu. Til annarra ráðuneyta voru m. a. afgreiddar umsagnir um skipaflutningagjöld, iðgjöld af bifreiðatryggingum, gjaldskrá Pósts og síma og Ríkisútvarpsins, auk umsagna um áburðarverð og sementsverð. Í heild voru afgreidd yfir 20 slík erinda á árinu. Þá var unnin að beiðni viðskiptaráðuneytisins sérstök athugun á rekstrarreikningum og vinnusölu fyrirtækja í viðgerðarstarfsemi. Deildin tók saman bæði fyrir félagsmálaráðuneytið og sáttasemjara ríkisins yfirlit á dönsku um þróun launamála og atvinnu.

Deildin lét aðilum vinnumarkaðarins í té ýmsa upplýsingaþjónustu á árinu. Sumarið 1973 var samin fyrir fastanefnd ASÍ og vinnumarkaðarins yfirlitsskýrsla um vísitölubindingu kaupgjalds til undirbúnings samningaviðræðum aðila. Þá var kjaramálaráðstefnu ASÍ lagt til ýmislegt efni, og eins samninganefndum og sáttasemjara eftir að samningaviðræður og sáttaumleitnir hófust, m. a. á sviði skattamála eins og þegar hefur verið nefnt.

#### Önnur verkefni.

Árið 1973 var viðburðaríkt á sviði efnahagsmála. Ráðuneytisstörf og upplýsingaþjónusta fyrir ríkisstjórnina voru því rúmfrek í verkahring deildarinnar á árinu. Deildin tók þátt í undirbúningsvinnu vegna frumvarps til laga um neyðaráðstafanir vegna eldgoss í Heimaey. Í deildinni voru teknar saman yfirlitsgreinar á íslensku og ensku um efnahagslegt mikilvægi Vestmannaeyja og efnahagsáhrif jarðeldanna. Deildin aðstoðaði Viðlagasjóð við gerð kostnaðar- og greiðsluáætlana. Starfsmenn deildarinnar tóku þátt í viðræðum við sendinefndir Alþjóðabankans, sem hingað komu vegna lánveitinga vegna hafnarframkvæmda á Íslandi, sérstaklega til þess að draga úr áhrifum Vestmannaeyjagossins, og lagði þeim til margvíslegar upplýsingar.

Mikil óvissa og umrót var í gengismálum heimsins á árinu. Vegna þessa og eins af innlendum ástæðum voru tíðar breytingar á gengi krónunnar á árinu og raunar tekin upp sveigjanleg gengisskráning. Deildin tók þátt í undirbúningi gengis-ákvarðana á árinu og lagði bankastjórn Seðlabankans og ríkisstjórninni til ýmislegt efni vegna þessa, svo og vegna þeirra efnahagsráðstafana, sem voru samfara gengis-hækkuninni í apríllök 1973, auk margháttáðrar upplýsingaþjónustu fyrir ríkis-stjórnina í heild og einstök ráðuneyti.

Lögum samkvæmt er forstöðumaður deildarinnar eða fulltrúi hans oddamaður yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Starfsmenn deildarinnar gegndu odda-mannsstarfi við 10 verðákvarðanir á árinu.

### **Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins. VERÐÁKVARÐANIR MEÐ GILDISTÍMA ÁRIÐ 1973.**

#### **Fiskideild.**

Yfirnefnd um almennt fiskverð frá 1. janúar til 31. maí hélt 13 fundi á tíma-bilinu frá 1. desember 1972 til 4. janúar 1973. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um rækju frá 1. janúar til 31. maí 1973 hélt 3 fundi dagana 13. til 19. janúar. Verð var ákveðið af oddamanni og fulltrúum seljenda gegn atkvæðum fulltrúa kaupenda. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um hörpuðisk frá 1. mars til 31. október 1973 hélt 2 fundi dagana 1. og 9. mars. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum. Uppsagnarákvæði var á gildistímanum miðað við 1. september. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um rækju frá 1. júní til 31. október 1973 hélt 3 fundi dagana 29. maí til 4. júní. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um verð á hörpuðiski frá 1. september 1973 hélt 3 fundi dagana 4. til 10. september. Samkomulag varð um óbreytt verð til 31. október. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Yfirnefnd um lágmarksverð á rækju frá 1. nóvember 1973 hélt 3 fundi dagana 5. til 13. nóvember. Verðið var ákveðið með 5 samhljóða atkvæðum, frá 1. nóvember til 31. maí 1974, með uppsagnarákvæði miðað við 1. febrúar 1974. Oddamaður var Jón Sigurðsson. (Verðinu var ekki sagt upp.)

#### **Fiskúrgangsdeild.**

Yfirnefnd um verð á fiskúrgangi frá 1. janúar til 31. maí 1973 hélt 4 fundi dagana 23. til 28. desember. Verðið var ákveðið af oddamanni og fulltrúum selj-enda gegn atkvæðum fulltrúa kaupenda. Oddamaður var Ólafur Davíðsson.

Yfirnefnd um verð á fiskúrgangi frá 1. júní til 30. september 1973 hélt 3 fundi dagana 19. til 22. maí. Verðið var ákveðið af oddamanni og fulltrúum kaupenda gegn atkvæðum fulltrúa seljenda. Oddamaður var Ólafur Davíðsson.

Yfirnefnd um verð á fiskúrgangi frá 1. október til 31. desember 1973 hélt 6 fundi dagana 17. september til 4. október. Verðið var ákveðið með úrskurði odda-manns. Oddamaður var Ólafur Davíðsson.

#### **Síldardeildir.**

Yfirnefnd um verð á loðnu í bræðslu á loðnuvertíð 1973 hélt 9 fundi dagana 16. janúar til 6. febrúar. Verðið var ákveðið endanlega með 5 samhljóða atkvæðum. Oddamaður var Jón Sigurðsson.

Deilin veitti auk þess Verðlagsráði, sjávarútvegsráðuneytinu, Verðjöfnunar-sjóði fiskiðnaðarins, Tryggingasjóði fiskiskipa og aðilum innan sjávarútvegsins margs konar upplýsingar á árinu.

Auk umsagna um verðákvarðanir, sem frá er greint hér framar, fjallaði deildin að beiðni iðnaðarráðuneytisins um frumáætlanir um tvö fyrirhuguð iðnfyrirtæki. Deildin skilaði í júní 1973 umsögn um „Áætlun um stofnun og rekstur þangburkunarstöðvar á Reykhólum við Breiðafjörð“, sem samin var á vegum undirbúningsfélags Þörungavinnslu h.f. Þá vann deildin á árinu að athugun á hagkvæmni og arðsemi fyrirhugaðrar saltvinnslu á Reykjanesi á grundvelli skýrslna Rannsóknaráðs ríkisins og íslenskra og bandarískra verkfræðifyrirtækja um þetta efni. Greinargerð um þetta efni var lokið í ársbyrjun 1974.

Á árinu samdi deildin skýrslu fyrir og átti viðræður við fulltrúa eftirtalinna alþjóðastofnana: Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, OECD, GATT, EFTA, auk þess sem utanríkisráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu voru lagðar til upplýsingar um efnahagsmál á erlendum málum til dreifingar hér á landi og erlendis. Hagskýrsluefni sendi deildin eins og áður sagði Sameinuðu þjóðunum og Norrænu tölfræðihandbókinni.

### Rit hagrannsóknadeildar gefin út á árinu 1973.

Í föstum ritröðum hagrannsóknadeildar hafa eftirfarandi skýrslur verið birtar:

#### I. Þjóðarbúskapurinn.

1. Iceland — General Economic Review 1973. Tvö hefti. Mars 1973.
2. Þjóðarbúskapurinn. Yfirlit 1972 og horfur 1973. Júlí 1973.
3. Þjóðarbúskapurinn. Framvindan 1973 og horfur 1974. Desember 1973.

#### II. Atvinnuvegaskýrslur.

4. AS nr. 1. (endurútgáfa). Sjávarútvegur 1969—1972. Apríl 1972.
  5. AS nr. 2. Iðnaður 1968—1971. Maí 1973.
  6. AS nr. 3. Sjávarútvegur 1969—1973. Júní 1973.
  7. AS nr. 4. Verslun 1971. Desember 1973.
- Á árinu 1974 er ætlunin að hefja útgáfu tveggja annarra fastra ritraða undir heitunum „Þjóðhagsreikningar“ og „Hagrannsóknir“.

### Helstu fjörlit hagrannsóknadeildar árið 1973.

1. A short note on the economic consequences of the volcanic eruption in Vestmannaeyjar, Iceland 5/2 73.
2. Jón Sigurðsson: Um hagfræði og hagfræðinga. Júlí 1973.
3. Jón Sigurðsson: Vísitölubinding kaupgjalds. 14/7 73.
4. Lausleg þýðing á Memo No. 4 (Tillögur sænska vinnuveitendasambandsins (SAF) frá árinu 1967 um nýja samningaaðferð) og Memo No. 5 („Launaákvörðunarstofnun ríkisins“ — gagnrýni á tillögur SAF um nýja samningaaðferð) úr bókinni On Incomes Policy, Stockholm 1969. Ágúst 1973.
5. Jón Sigurðsson: Nágra anmárkningar om Islands ekonomi i dag. 18/9 1973.
6. Jón Sigurðsson: Athuganir á afkomu heildverslunar 1971 og 1972. 2/11 73.
7. Rekstraryfirlit og -áætlanir helstu sjávarútvegsgreina, iðnaðar og verslunar 1971—1973. 20/11 73.
8. Economic Developments 1972—1973. Nóvember 1973.
9. Statistical Material for IMF-Article XIV. Consultation Discussions 1973. Desember 1973.

### Starfsemi áætlanadeildar 1973.

#### Inngangur.

Árið 1973 var annað árið í starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Svo sem frá er greint í ársskýrslu 1972, fór starfið í áætlanadeild fremur seint af stað, að mestu

leyti ekki fyrr en frá miðju ári. Starfsliði og verkefnum var upp frá því fjölgað smám saman, og stóð svo allt fram undir árslok 1973, en þá mátti áætlanadeild heita nokkurn veginn fullskipuð starfsliði miðað við þær kröfur, sem til hennar eru gerðar.

Þótt ætlast megi til, að á öðru starfsári komist starfsemi af þessu tagi til nokkurs þroska, hefur þetta tímabil óhjákvæmilega mótast mjög af gangsetningu nýrra verka, viðleitni til að móta starfsaðferðir, sem lítil reynsla er fyrir, og þjálfun starfsmanna við viðfangsefni, sem flestum eru nýlunda. Eðlilegt er, að undirbúningur og samning vel grundaðra áætlana um margþætt og flókin viðfangsefni taki um 2—3 ár, einkum á upphafsskeiði, þegar um lítt þróaðan gagnagrundvöll er að ræða. Við önnur og lakari almenn efnahagsskilyrði hefði sjálfsagt verið valinn sá kostur að hraða gerð áætlana og töku ákvarðana á grundvelli ófullkominna athugana. Sú varð og raunin við kaup hins mikla skuttogarafloða, sem myndar uppistöðu fjölpættra aðgerða til að treysta og efla afkomugrundvöll byggðarlaga um allt land. Að öðru leyti hefur almennt góðæri veitt svigrúm til vandaðri undirbúnings áætlana.

Ekki er þó svo að skilja, að gildi og gagnsemi áætlanagerðar byggist eingöngu á framkvæmd fullsaminnna áætlana. Framþróun og framvinda atvinnulífsins er stöðugt að gerast og ákvarðanir verður að taka jafnt og þétt, en ekki unnt að láta þær biða lengi eftir niðurstöðum alhliða áætlanagerðar. Er því reynt að hafa athuganir á vegum áætlanagerðar til hliðsjónar við töku hinna einstöku ákvarðana, þótt þær séu ekki fullbúnar. Áætlun og framkvæmd haldast þannig að nokkru í hendur. Hefur þetta komið hvað skýrast fram í starfinu að hraðfrystihúsaáætlun, en einnig við gerð byggðaáætlana.

Að sumu leyti myndar hið hagstæða árferði, sem ríkt hefur, ekki ákjósanlegt andrúmsloft fyrir áætlanagerð. Mjög margir möguleikar eru opnir og fyrirgreiðsla þeirra vegna gengur greiðlega gegnum kerfið, án þess að fyrirfram mótuð áætlun komi til eða eftir henni sé spurt. Þetta eru þó ekki fullgildar ástæður fyrir, að áætlanagerð sé ekki nauðsynleg, sé rétt á haldið. Mörgum frjóöngum atvinnulífsins, sem skotið er í góðæri, er hvað hættast, ef að kreppir. Þörf samræmingar og skynsamlegrar uppbyggingar er í reynd hin sama, þótt góðæri ríki. Síðast en ekki síst þarf að hafa uppi viðbúnað við hugsanlegum slakari atvinnuskilyrðum síðar, bæði í þeim landshlutum, sem veikari aðstöðu hafa, og þeim atvinnugreinum, sem horfa mót harðnandi samkeppnisskilyrðum.

Áætlanagerð er nátengd ákvarðanatöku og á sinn tilverurétt undir þeim tengslum. Þessu fylgja vandamál í rekstri stofnunar, sem sameinar margháttaða áætlanagerð á einni hendi, þótt ákvörðunaraðilar séu að sumu leyti aðrir og stundum margir og dreifðir. Er sá vandi einkum tvíþættur, annars vegar hvort skipulegt samband sé milli áætlanagerðar og ákvarðanatöku og hvernig því sé háttáð, og hins vegar á hvers hendi áætlunargerðin sé og hvernig hagað sé samstarfi aðila, ef hún er ekki á sömu hendi og ákvarðanatökan. Ljósast er sambandið milli áætlana og ákvarðana, þegar skylt er, að áætlunir liggi fyrir, áður en málefni er tekið til ákvörðunar, svo sem er um árleg fjárlög og fjárhagsáætlunir sveitarfélaga. Er mál þá meðhöndluð í áætlunarsambengi, hvort sem tók eru á að vanda meira eða minna til áætlunargerðarinnar. Skipuleg kvöð af þessu tagi virkar hvetjandi til að fá fram tímanleg skil áætlana og stuðlar að raunhæfu mati á gildi úrlausnarefna. Þótt að sínu leyti sé eðlilegt að leggja meira upp úr vönduðum undirbúningi langtímaáætlana og alhliða byggðaáætlana, mun þróun þeirrar áætlanagerðar til lengdar mjög háð því, að takist að efla skipulegt samband hennar við töku ákvarðana með þeim hætti, að skylt verði að leggja fram áætlun sem undanfara veigamestu ákvarðananna.

Hin hlið þessa máls er aðildin að áætlanagerð annars vegar og ákvarðanatöku hins vegar. Aðildin er að jafnaði skipt, þannig að aðilar ákvarðana og framkvæmda eru ýmist atvinnufyrirtæki, stofnlánasjóður o. þ. h., þegar um atvinnuvegaáætlunir

er að ræða, eða fjárveitingarvaldið ásamt ýmsum stjórnvaldsstofnunum og opinberum rekstrar- og framkvæmdaaðilum, þegar við opinberar framkvæmdaáætlanir er að fást. Framkvæmdastofnunin er ákvörðunaraðili eigin áætlana aðeins að því, er tekur til stjórnar á Framkvæmdasjóði og Bygðasjóði, en áhrif þeirra í lána-kerfinu er raunar mjög víðtæk.

Gerð áætlana fyrir aðra ákvörðunaraðila útheimtir jöfnum höndum skýrar skipulagsreglur og nærfærni og tillitsemi í samstarfi. Er engan veginn ætíð greiður samgangur milli aðila né ljóst, hvernig hlutverkum sé skipt. Afstaðan milli áætlunarstofnunar og ákvörðunaraðila getur í meginatriðum verið tvenns konar, annars vegar að áætlanir séu samdar sem þjónustustarfsemi við ákvörðunaraðila, hins vegar að þær séu samdar til samræmingar hinna mörgu og dreifðu ákvarðana í þjónustu við heildstæða yfirstjórn af hálfu ríkisvaldsins. Fyrri viðhorfið er æskilegt sem skilyrði góðs samstarfs við ákvörðunaraðila, hið síðara er óhjákvæmilegt skilyrði samræmdrar heildarstjórnar. Á hvort er lögð meiri áhersla, fer mjög eftir styrk miðstjórnarvalds og þeim meginreglum, sem það setur, en leggja ber áherslu á, að taka þarf fullt tillit til beggja viðhorfanna. Ennfremur eru nauðsynleg mun meiri tengsl langtíma áætlanagerðar og skammtíma hagstjórnar.

Af ýmsum ástæðum eru oft nokkur áhöld um, hvort ráðuneytin óska að hafa sjálf með höndum áætlanagerð um sína málaflokka eða fela hana Framkvæmdastofnuninni. Gildir einu, hvor hátturinn er á hafður, sé þess gætt, að stofnunin hafi aðstöðu til að fylgjast með starfinu og vera með í verki að mótun starfsaðferða og matssjónarmiða. Með því móti ætti með tímanum að reynast unnt að þróa heildstæða áætlanagerð. Áætlanagerð er raunar svo viðamikil og tímafrekt verksvið, að mikil bein og virk þátttaka ráðuneyta og sérgreinastofnana er ófrávikjanlegt skilyrði þess, að langt megi komast á þeirri braut. Samstilling starfsins í mörgum stofnunum er óneitanlega vandasöm, og þyrfti sem fyrst að huga nánar að lausn þess skipulagslega vanda, er það færir að höndum. Því fylgja á hinn bóginn hinir miklu kostir fjölbreytilegs framlags sérþekkingar og frumkvæðis, sem ómissandi mega teljast fyrir tengsl áætlanagerð við vettvang lífs og starfs.

Þessum almennu inngangshugleiðingum er ætlað að varpa nokkru ljósi á almennar aðstæður og umhverfi áætlanagerðar við núgildandi skipan. Verður nú gerð grein fyrir einstökum greinum starfsins.

#### Atvinnuvegaáætlanir.

Atvinnuvegaáætlanir hafa annars vegar því hlutverki að gegna að móta áform á vettvangi einstakra atvinnuvega, einkum þeirra sem grundvallarþýðingu hafa, og leggja drög að stuðningi við þá þróun, að því marki sem æskilegt er metið. Þetta má teljast frumstig atvinnuvegaáætlana, stíg sem ekki verður hlaupið yfir, en er þó þröngum takmörkunum háð og leiðir tæpast til fullgildra niðurstaðna. Hins vegar og á þróaðra stigi þessarar greinar áætlanagerðar er leitast við að meta hlutverk og þróunarhorfur hvernar atvinnugreinar með heildaryfirsýn yfir innbyrðis samhengi þeirra og samband þeirra við þróun tekna og verðmætaráðstöfunar í þjóðarþúinu.

Atvinnuvegaáætlanir Framkvæmdastofnunarinnar hafa enn sem komið er verið af fyrri taginu. Verkefnavalið hefur tekið mið af grundvallarþýðingu atvinnuvega fyrir þróun þjóðarþúsins, sem á rót sína í útflutningshlutverki þeirra eða sjálfstæðum auðlindagrundvelli. Jafnframt hefur verið höfð hliðsjón af mikilvægi atvinnuframkvæmdanna fyrir byggðarþróun.

**Hraðfrystihúsaáætlun:** Þessi áætlunargerð var hafin á árinu 1972, en nú er henni að ljúka. Fyrri stíg áætlunarstarfsins fólst í söfnun heimilda um áform frystihúsafrirtækjanna sjálfra ásamt öflun og frumúrvinnslu gagna frá ýmsum aðilum varðandi uppbyggingarþörf frystiiðnaðarins. Í janúar 1973 var lögð fram yfirlitsskýrsla: „Áform hraðfrystihúsanna um framkvæmdir og fjármögnun“. Tók



þá við síðara stigið, hin eiginlega áætlunargerð. Fyrst var ársáfangi 1973 tekinn til meðferðar. Í samvinnu við helstu viðskiptabanka hraðfrystihúsanna, Landsbankann og Útvegsbankann, var saminn listi yfir forgangsframkvæmdir ársins 1973 í þessari grein, og hann lagður fyrir stjórnir Framkvæmdastofnunarinnar og Fiskveiðasjóðs. Með samþykki stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar 18. apríl var ársáfangi 1973 á framangreindum grundvelli samþykktur samhljóða og sendur ríkisstjórninni til staðfestingar.

Þótt framangreind skýrsla um framkvæmdaáformin hafi upphaflega átt að marka lok fyrra stigsins, varð svo ekki í reynd. Áform frystihúsanna voru enn í mótun, hönnun og tæknilegum undirbúningi var víða skammt komið, og rekstrarlegar og fjárhagslegar áætlanir víða með öllu ógerðar. Endurskoðun og nýmótun áforma af hálfu fyrirtækja og hönnuða á þeirra vegum hefur að miklu leyti farið saman við athugun og gagnrýni af hendi áætlanaeildar. Hefur svo staðið fram um síðustu áramót og í einstaka tilvikum fram til þessa. En við þessa meðferð hefur þorri áformanna tekið á sig fast form, og falla þau sem slík inn í hina endanlegu áætlun.

Þau matsviðhorf, sem lögð hafa verið til grundvallar við áætlunargerðina, eru einkum þau, að skilyrði verði til þess að nýta mannvirkin til nokkurrar hlítar, a. m. k. á aðalvertíð, að fullnægt sé hinum nýju kröfum um hollustuhætti, og að framkvæmdirnar hafi í för með sér hagræðingu og bættan rekstur. Til þess að tryggja, svo sem fong eru á, að þessara markmiða verði gætt, hafa sérfróðir menn um fiskiðnað verið fengnir til tímabundinna starfa við stofnunina, en um þátt hollustuhátta í framkvæmdunum var haft samráð við unnsagnarnefnd um lánveitingar Fiskveiðasjóðs í því skyni, skipaða af sjávarútvegsráðuneytinu. Til stuðnings við mat á afkastagetu í samanburði við aflahorfur var staðall um stærðir rýma og afköst véla og tækja saminn í samráði við tæknideildir sölusamtaka frystiðnaðarins, en þeim staðli var að sjálfsögðu beitt af sveigjanlegu tilliti til staðbundinna aðstæðna. Með þessu móti hefur í mörgum tilvikum tekist að fá fram mun betri samsvörun afkastagetu við aflahorfur en annars hefði orðið, þótt engan veginn hafi allt áunnist, sem að var stefnt. Ekki voru tök á að leggja mat á væntanlega rekstrarafkomu í hverju tilviki, þótt æskilegt hafi verið, en í samvinnu við hagdeildir viðskiptabankanna var reynt að meta forsendur fjármögnunar, svo sem tök voru á.

Undir lok ársins 1973 var aðstaða orðin til þess að taka áformin til endanlegs mats og fullgildrar áætlunar. Var tekin saman yfirlitsskýrsla, dags. 14. des., og lögð fyrir stjórn stofnunarinnar og aðra hlutaðeigandi aðila. Var áætlanaeild falið að semja á þessum grundvelli og með þeim breytingum, sem enn voru nauðsynlegar, áætlun um framkvæmdir hraðfrystihúsanna 1974, 1975 og 1976 og síðar, eftir því sem viðurkennd áform endast. Skal áætlunin vera stefnumarkandi um fjármögnun framkvæmdanna af hálfu opinberra aðila, og er m. a. stefnt að hæfilegri skiptingu í ársáfanga.

Svo sem áætlunin er nú lögð fyrir, skiptast heildarframkvæmdir svo í ársáfanga, og er þá miðað við varlega áætlað verðlag fyrri hluta ársins 1974.

<b>Þegar framkvæmt:</b>	<b>Millj. kr.</b>
1971 (og fyrr) .....	945,0
1972 .....	955,4
1973 .....	1.301,8
Alls þegar framkv. ....	3.202,2
<b>Áætlað:</b>	
1974 .....	1.338,1
1975 .....	1.010,9
1976 (og síðar) .....	479,7
Alls áætlað .....	2.828,7
<b>Heildaráætlun:</b> .....	<b>6.030,9</b>

Áætlunin er í fáeinum atriðum enn háð nokkrum fyrirvara, t. d. að því er varðar vissa útgerðarstaði, þar sem aðilar hneigjast til óhóflegrar aukningar afkastagetu í heild miðað við aflahrotur, eða þar sem áform aðila eru ekki fullnótuð, þrátt fyrir langan undirbúnings tíma. Er raunar ætíð svo, að ný þörf getur komið í ljós á ýmsum tímum utan þess, sem valinn hefur verið til áætlunargerðar.

**Fiskiskipaáætlun:** Frá því að skýrsla var gefin um skuttogarakaupin í júní 1972, hefur þessari áætlunargerð miðað hægt. Undirbúningsstarf hefur farið fram með gagnasöfnun og töflugerð. Í október s. l. voru samdar tillögur um starfstilhögun og efnismeðferð við þessa áætlunargerð, þ. á m. um aðild hlutaðeigandi stofnana og samtaka að henni, um setningu væntanlegra markmiða með áætluninni, sérfræðilega ráðgjöf o. s. frv. Var þessi skipulagslegi rammi áætlunarinnar samþykktur af stjórn stofnunarinnar á fundi 6. nóvember. Er ætlunin að taka aftur til við gerð fiskiskipaáætlunar, þegar að lokinni hraðfrystihúsaáætlun.

Nokkuð ber á efasemdum um, að vert sé að semja fiskiskipaáætlun, þegar svo mikið hefur þegar verið keypt af nýjum fiskiskipum. Gagnvart því má halda fram, að þörfin sé þeim mun brýnni sem nær dregur, að taka verði úrslitaafstöðu til stærðar hverrar greinar fiskiskipaflotans. Ennfremur er óhjákvæmilegt, að einhver skipakaup verða allajafna á döfinni, þannig að áætlunargerð um hagkvæma þróun flotans þarf að vera samfelt í gangi með hæfilegu millibili.

Meðan undirbúningur að áætluninni hefur staðið, hafa komið upp viðamikil ákvörðunaratriði skipakaupa og ríkisábyrgðar og annarrar fyrirgreiðslu þeirra vegna. Hefði verið mjög æskilegt, og raunar bráðnaðsynlegt, að staðgott mat á gildi tiltekinna skipagerða hefði þá legið fyrir. Hins vegar hefur þessi tilvik borið svo brátt að, að tæpast hefur verið svigrúm til annars en flausturslegra athugana. Undirstríkar sú reynsla þörfina fyrir áætlunargerð og skipulegt mat umsókna um veigamikil skipakaup.

Markviss uppbygging fiskiskipastóls er flókið mál, þar sem mörg sérþekkingarsvið kom til greina, sem og hagsmunagæsla ýmissa aðila. Skilyrði eru síbreytileg, og því nauðsynlegt að hafa sem fyrst veður af nýjungum og breyttri þróunarstefnu. Ennfremur mun stefnumarkandi gildi fiskiskipaáætlunar mjög háð því, að allir helstu stjórnunar- og hagsmunaaðilar sjávarútvegsins eigi þar hlut að máli.

**Landbúnaðaráætlun:** Í fyrsta áfanga landbúnaðaráætlunar hefur aðaláhersla verið lögð á að meta sennilega þróun eftirspurnar landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Í ársskýrslu 1972 var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þessa mats. Gerð var ítarleg grein fyrir þeirri athugun í heild með skýrslu sem birt var í september 1973: „Landbúnaðaráætlun, 1. skýrsla: Innlend eftirspurn landbúnaðarvara — Spá um neyslu 1973—1977.“ Verða hér ekki endurteknað þær niðurstöður, er áður hafa fram komið.

Í niðurstöðukafla tilvitnaðrar skýrslu segir svo um framhaldsverkefni á vettvangi landbúnaðaráætlunar:

„Hér er um að ræða meginhluta markaðspátta þeirrar landbúnaðaráætlunar, sem að er stefnt, en á þá hlið þarf einnig að kanna arðsemi útflutings- og úrvinnslumöguleika einstakra greina og hagkvæmast val þeirrar umframframleiðslu, sem óhjákvæmilegt reynist að flytja út, og ekki síður möguleika á aukinni fódurframleiðslu á vegum landbúnaðarins. Markaðspátturinn eða vaxtasvigrúmið í heild er þá til samanburðar við áform bænda og vinnslustöðva skoðuð sem heild, og við grundvallarþætti þeirra áforma: hneigð fólks til að stunda búskap, endurnýjunarþörf fjármuna, hagræðingarþörf og óskir um framleiðsluauka til að ná auknum tekjum. Til allra þeirra þátta þarf að taka samstillt tillit við gerð landbúnaðaráætlunar með hliðsjón af því gildi, sem þjóðfélagið gefur hagrænum og félagslegum viðhorfum.“

Í framhaldi af þessu hefur allmikið verið unnið að athugunum á framkvæmdaáformum bænda í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, héraðabúnaðarsamböndin og

ráðunauta þeirra, svo og að athugunum á fjármunastofni landbúnaðarins, aldurs-samsetningu hans og endurnýjunarþörf. Ennfremur hafa verið gerðar athuganir á samhengingu milli afurðasemi búfjár og kjarnfóðurnotkunar annars vegar, og hins vegar milli kjarnfóðurnotkunar og verðs þess að tiltölu við afurðaverð. En sem kunnugt er, hefur kjarnfóðurnotkunin lykilþýðingu við breytilega stjórn framleiðslunnar og keppir um leið við nýtingu innlendra framleiðsluaflla. Um athuganir á eftirspurn búvara og afurðasemi bústofns hefur einkum verið haft samstarf við Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Landbúnaðaráætlunin stendur nú að ýmsu leyti á vegamótum. Áætlanadeild ræður sem stendur ekki yfir sérstökum starfskrafti til þessarar áætlunargerðar. Landbúnaðarráðuneytið hefur sýnt áhuga á að taka upp áætlunarstarf og e. t. v. að þróa þar miðstöð áætlanagerðar fyrir landbúnaðinn, og helstu stofnanir landbúnaðarins hafa tjáð sig um hug á þátttöku í því starfi. Hefur ráðuneytið ákveðið að mynda starfshóp hlutaðeigandi stofnana um áætlunina og skipta verkum skipulega milli þeirra eftir verkefni hvers og eins. Næstu stig áætlunargerðarinnar hljóta í vaxandi mæli að verða stefnumarkandi. Varðar því miklu, að fullt samráð verði haft við hlutaðeigandi stofnanir og samtök, áður en áætluninni verði ráðið til lykta af þar til bærum stjórnvöldum.

**Iðnþróunaráætlun:** Svo sem greint var frá í ársskýrslu 1972, tók iðnaðarráðuneytið upp sérstakt starf að samningu iðnþróunaráætlunar, og unnu sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum (UNIDO) það verk með aðstoð innlendra aðila, þ. á m. Framkvæmdastofnunarinnar. Áætlunardrög UNIDO-sérfræðinganna voru lögð fram í febrúar 1973, og var þá óskað umsagnar Framkvæmdastofnunarinnar. Samdi áætlanadeild þá umsögn að höfðu samráði við hagrannsóknadeild. Lögð var áhersla á rækilegri könnun á horfum einstakra iðnaðargreina, m. a. í sambandi við skilmála EFTA-aðildar, og áætlunargerð um þróun framleiðslu og fjárfestingar á þeim grundvelli.

Iðnaðarráðuneytið fól í fyrstu sérstökum starfshóp að semja álit um framkvæmd iðnþróunaráætlunar. Að fengnu álit hópsins skipaði ráðuneytið í ágústbyrjun sérstaka nefnd „til að skipuleggja og koma í framkvæmd áformum, sem miða að markvissri iðnþróun á Íslandi“. Var forstöðumaður áætlanadeildar m. a. skipaður í nefndina, og þar með komið á tengslum milli þess starfs, sem fram fer hjá nefndinni og í áætlanadeild. Var nánar fjallað um þetta samstarf í viðræðum og bréfaskiptum og gert ráð fyrir, að Framkvæmdastofnunin annaðist ýmsa þætti hagrænnar greiningar og áætlunargerðar, þ. á m. um mannafla, þróun framleiðslu og rekstrarafkomu og fjárfestingarþörf. Með hliðsjón af því var ráðinn til deildarinnar hagfræðingur, er fékk þetta sérstaka verkefni. Er verkið nú í fullum gangi, og er lokið fyrstu yfirferð athugunar á þróun og horfum allmargra iðnaðargreina.

#### **Opinberar framkvæmdaáætlanir.**

Áætlanir um opinberar framkvæmdir getur áætlanadeild gert fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir, eftir því sem um semst. Verksvið þetta hefur einkum verið tengt hinni árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, um fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og opinberra framkvæmda af lánsfé utan fjárlaga. Jafnframt hefur það tækfæri verið notað til þess að gera almenna grein fyrir horfum og áformum um fjárfestingu og fjármögnun hennar. Hefur skýrsla fjármálaráðherra þessa efnis verið samin af áætlanadeild síðustu árin. Var hin síðasta þeirra, þ. e. skýrsla um áætlun ársins 1973, lögð fram á Alþingi 6. apríl 1973.

Þegar hafinn var undirbúningur framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1974, ákvað fjármálaráðherra, að áætlun opinberra framkvæmda skyldi felld inn í fjárlög, en fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða yrði þá til sérstakrar meðferðar. Var áætlanadeild falið að vinna með fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að undirbúningi lánsfjár-

framkvæmda, svo sem verið hefur. Þegar á leið, átti málsmeðferðin þó að mestu samleið með fjárlagaafgreiðslu, sem deildin á ekki hlut að.

Þótt það sé mikill kostur að fá áætlun opinberra framkvæmda flýtt með þessum hætti, fylgir því sá annmarki, að ákvörðun hennar verður viðskila við aðrar megin-ákvæðanir um lánsfjármögnun, þ. á m. með skuldabréfaútgáfu og töku erlendra lána, og að farið er á mis við þá heildstæðu yfirsýn til stefnumótunar, sem falist hefur í skýrslu fjármálaráðherra. Þótt skýrslur hagrannsóknaeildar fylli að nokkru upp í þessa eyðu, mun vera ástæða til að huga nánar að mótun heildstæðrar stefnu í fjárfestingarmálum og nánari útfærslu hennar í einstökum greinum framkvæmda.

Önnur hlið þessa máls er þörfin fyrir langtímaáætlanir opinberra framkvæmda, er séu samstíga fyrir allar greinar opinberra geirans, svo að fram komi heildar-áætlun. Um alllangt árabíl hefur verið ætlunin að stefna að þessu marki. Hefur nokkuð verið um það rætt, að áætlanaeild snúi sér meir að slíkum langtímaáætlunum, nú er dregið hefur verið úr skyldum hennar við árlegar áætlanir á þessu sviði. Um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin, en nokkurri hendingu er háð, um hve mikil verkefni af þessu tagi semst við einstök ráðuneyti, sbr. 9. grein laga um Framkvæmdastofnunina.

Af einstökum greinum opinberra framkvæmda á áætlanaeild mesta aðild að samgönguáætlunum, sem með samvinnu um tekjuáætlanir og athuganir einstakra framkvæmda, auk samgönguáætlana landshluta, sem getið verður hér á eftir. Með tilliti til þessa hlutverks var Framkvæmdastofnuninni falið í nóvember s.l. af samgönguráðuneytinu að annast aðild að norrænni samstarfsnefnd um hagrænar rannsóknir á sviði samgöngumála, og heyrir sú aðild undir áætlanaeild.

#### **Byggðaáætlanir.**

Í ársskýrslu 1972 var gerð rækileg grein fyrir byggðamálunum og gerð og markmiðum byggðaáætlana frá almennu viðhorfi. Er ekki ástæða til að taka þessi almennu atriði upp aftur, né heldur að breyta um nokkuð, sem þar var sagt.

Rétt er þó til inngangs þessarar greinargerðar að rifja upp, að byggðaáætlanir geta ýmist verið almennar byggðaþróunaráætlanir með áherslu á atvinnugrundvöll og almenna þjónustu- og félagsaðstöðu, eða sérgreindar byggðaáætlanir til skipulegs mats og ráðstöfunar fjármagnsins innan sérgreinar eins og t. d. samgönguframkvæmda. Upp á síðkastið hafa landshlutasamtök eflst verulega og hafa þau beitt sér fyrir áætlanagerð og öðrum skipulegum vinnubrögðum á vegum allra landshluta. Gerð byggða- og landshlutaáætlana er þar með orðin almenn starfsaðferð fremur en sérstök aðstoð við mjög illa settar byggðir. Þessi starfsaðferð felur í sér skipulega, almenna könnun á skilyrðum, ástandi og horfum byggðarlaga og á sérstökum möguleikum til að efla byggðarþróun.

Til þess að greiða fyrir starfi áætlunardeildar, landshlutasamtaka og fleiri aðila að byggðaáætlunum, sem gætu orðið sambærilegar að gildi og innihaldi, voru í mars 1973 samdar „Leiðbeiningar um undirbúning og gerð almennra byggðaþróunaráætlana þ. e. atvinnu- og félagsmálaáætlana“. Fjalla þær um aðild, starfsaðferðir og efnisskipan byggðaáætlana og hafa verið hafðar til hliðsjónar við gerð þeirra áætlana, sem nú er unnið að, en þær eru eftirfarandi.

**Norðurland vestra og Strandir:** Almenn áætlunargerð fyrir þennan landshluta hófst fyrir alvöru í janúar 1973. Árið áður höfðu verið unnin tillögudrög að sérstakri atvinnumálaáætlun fyrir Skagaströnd. Voru þau drög fjölrituð sem handrit í janúar 1973, og renna þau saman við áætlunargerð þessa sem heild. Fundir voru haldnir með heimanönnum í október 1972 og janúar 1973, en síðari hluta máí var farin kynnisferð um svæðið og um leið hafin nánari gagnaöflun frá fyrirtækjum og sveitarfélögum á svæðinu. Hefur Fjórðungssamband Norðlendinga átt mikinn hlut að innköllun og úrvinnslu þeirra heimilda, sem og að öðrum athugunum á

**þeim vettvangi.** Tekið hefur verið úrtak úr skattframtölum einstaklinga til að kanna myndun og uppruna tekna. Dregin hafa verið saman gögn um náttúrufar og auðlindir og gerð kort og línurit o. þ. h. til yfirlits. Er nú komið að lokum þess stigs, sem einkennist af gagnasöfnun og frumúrvinnslu gagna, og munu þá umræður og tillögugerð um aðgerðir í málefnum byggðarlagsins taka við.

Nokkuð sérstakur þáttur þessa áætlunarverks — hliðstæður Skagastrandaráætlun — er athugun á skilyrðum rækjuvinnslu og byggðapróunar í Árneshreppi á Ströndum. Með bréfi oddvita hreppsins 1. nóv. 1973 var óskað sérstaklega eftir athugun þessari, og var hún gerð næstu mánuðina sem hluti þessarar áætlunar. Er nú til umræðu milli hreppsfélagsins og Framkvæmdastofnunarinnar, hvaða aðgerðir muni vænlegar til að tryggja þessa útvarðarstöð byggðar á Ströndum. Fjórðungsamband Vestfirðinga á hlut að áætlunargerðinni, að því er varðar Strandir.

**Norður-Þingeyjarsýsla:** Starf að sérstakri byggðapróunaráætlun fyrir sýsluna var hafið vorið 1973. Vegna annríkis við önnur störf í áætlanaeild var verkfræðistofu Guðmundar Óskarssonar falið verkefni þetta. Voru farnar kynnisferðir til samráðs við heimamenn og í samvinnu við Fjórðungsamband Norðlendinga í maí, júlí og desember. Hefur verið gerð úttekt á þörf fyrir ýmiss konar framleiðslu- og þjónustufyrirtæki. Er nú unnið að samningu skýrslu til undirbúnings umræðum um aðgerðir.

**Austurland:** Starf að atvinnu- og byggðapróunaráætlun Austurlands hófst í mars 1973. Var samið sérstaklega við Hagvang hf. um vinnslu þessa verkefnis. Áður hafði verið samín sérstök samgönguáætlun Austurlands, þ. e. um vegaframkvæmdir og er hún til framkvæmdar árin 1971—1975. Fundur með heimaaðilum til undirbúnings áætlunargerðinni var haldinn á Egilsstöðum 8. júní í samvinnu við Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Kynnisfór var farin um landshlutann í júní—júlí, og voru þá lögð drög að ýmislegri gagnaöflun. Ritaðir hafa verið skýrslukaflar um mannfjölda, mannafla, fólksflutninga, tekjumyndun, svæðiskjarna o. fl. Er stefnt að því að koma áætlunargerðinni á umræðustig með vorinu.

**Vestfirðir og Vesturland:** Auk ofangreindra áætlunarverkefna er starf nýlega hafið við byggðapróunaráætlun fyrir Vestfirði og er í þann veginn að hefjast fyrir Vesturland. Enn hafa ekki verið haldnir sérstakir samráðsfundir með heimamönnum né farnar kynnisferðir til gagnaöflunar, en áætlunarmálin hafa verið rædd á fjórðungsþingum þessara landshluta. Á fjórðungsþingi Vestfirðinga 7. sept. 1973 flutti forstöðumaður áætlanaeildar framsöguerindi um atvinnu- og byggðapróunaráætlun fyrir Vestfirði og gerði grein fyrir helstu úrlausnarefnum, sem taka þyrfti til meðferðar.

**Samgönguáætlun Norðurlands:** Áætlunargerð þessi var þegar hafin, þegar Framkvæmdastofnunin hóf störf, en hefur af ýmsum ástæðum dregist mjög á langinn, m. a. vegna vanbúnaðar hlutaðeigandi stofnana á að ljúka verkáætlunum og samamburði valkosta, en ekki síður vegna forgangs fyrstu ársáfanganna. Framkvæmd áætlunarinnar hófst með 100 m. kr. til vegaframkvæmda 1972, en árið 1973 gengu 150 m. kr. til vegaframkvæmda, 24 m. kr. til flugframkvæmda og 18 m. kr. til hafnaframkvæmda, eða alls 192 m. kr. 1973. Á tillögu til þingsályktunar um vegáætlun 1974—77 hafa verið færðar 184,3 m. kr. á árið 1974, 262,1 m. kr. á árið 1975 og 210 m. kr. á hvort árána 1976 og 1977.

Þar sem samgöngukerfi Norðurlands felur í sér tiltölulega mikinn hluta af verkefnamagni landsins í heild, hefur verið reynt að styðjast við yfirlit um landið allt við tillögugerðina. Um síðustu áramót var tekin saman yfirlitsskýrsla um verkefni samgönguáætlunar Norðurlands. Er hún til athugunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum, þegar þetta er ritað.

### Önnur verkefni.

Sum verksvið áætlanadeildar snerta fleiri ofangreindra áætlana jöfnum höndum. Ennfremur eru deildinni eftir atvikum falin sérstök verkefni. Verður nokkurra helstu verkefna, sem ekki falla undir ákveðnar áætlunargreinar, getið hér.

**Mannfjöldi, mannaflí, tekjur o. fl.:** Stöðugt er unnið að úrvinnslu heimilda og áætlanagerð um þessi atriði, bæði að því er varðar landsheild og einstaka landshluta. Með því að setja skipulega fram ýmsar aðgengilegar hagstærðir landshlutanna er veitt þjónusta við hvers konar áætlanagerð í þeirra þágu innan og utan stofnunarinnar. Almenn mannfjölda- og mannaflááætlun til langs tíma, með skiptingu á atvinnugreinar og landshluta, er nú á lokastigi.

**Endurreisnaráætlun Vestmannaeyja:** Í samræmi við 44. gr. reglugerðar um Viðlagasjóð (nr. 62, 27. mars 1973) fór stjórn sjóðsins þess á leit við Framkvæmdastofnunina hinn 6. júní að hún annaðist áætlunargerð um endurreisn mannvirkja og byggðar í Vestmannaeyjum. Var áætlanadeild falið þetta verkefni, og hófst starf að því rétt eftir að gosi var lýst lokið hinn 23. júní, en þá voru 5 mánuðir liðnir frá upphafi þess. Þetta verkefni fól í sér að fá gerða hvers konar verklega hönnun og áætlunargerð um standsetningu og endurreisn mannvirkja, opinberra og atvinnulegra. Hefur hinum ýmsu þáttum verið komið til framkvæmdar jafnharðan, og eftir því sem stjórn Viðlagasjóðs, bæjarstjórn Vestmannaeyja eða aðrir aðilar hafa nánar ákveðið. Sem hluti þessa verkefnis var gerð sérstök könnun á búsetuáformum Vestmanneyinga og aðstæðum þeirra í landi sem, og í Eyjum. Meðal athugunarefna hafa og verið hugsanleg nýting gosgjallsins og uppgræðsla gjallflákanna á Heimaey.

**Úthlutun leiguíbúðalána og íbúðaáætlun:** Með lögum nr. 58 frá 30. apríl 1973 var Húsnæðismálastofnun ríkisins heimilað „að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði.“ Skilyrði er, að hlutaðeigandi sveitarfélög hafi ekki byggt íbúðir á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, þ. e. með sérstökum kjörum fyrir láglaunafólk, og er sett hámark þessarar aðstoðar við 1.000 íbúðir á 5 árum. Húsnæðismálastjórn æskti aðstoðar áætlanadeildar við samningu áætlunar um úthlutun þessara lána. Hefur verið unnið að því í náinni samvinnu við Húsnæðismálastofnun að móta úthlutunarreglur með hliðsjón af aðstöðu sveitarfélaga til að nýta aðstoð af þessu tagi.

Verkefni þetta er þó aðeins byrjunin á almennri áætlun um íbúðaþörf og dreifingu hennar um landið, sem Framkvæmdastofnunin áformar að semja á næstunni í samvinnu við Húsnæðismálastofnunina.

**Tækniástoð Sameinuðu þjóðanna:** Snemma árs 1972 æskti utanríkisráðuneytið þess, að Framkvæmdastofnunin annaðist áætlunargerð um nýtingu væntanlegrar tækniástoðar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) á 5 ára tímabilinu 1972—1976, og skyldi höfð hliðsjón af viðmiðunartölu UNDP 1 milljón Bandaríkjadala yfir þessi 5 ár. Eftir innköllun hugmynda skilaði áætlanadeild frumtillögum í október 1972, og endurskoðun þeirra í mars 1973 að lokinni athugun í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti. Fulltrúar UNDP komu hingað til viðræðna og gengu frá tillögum sínum í lok ágúst 1973, og voru þær staðfestar af UNDP í janúar s.l. Aðstoðaráætlunin tekur til margra grundvallaratriða í nýtingu auðlinda, atvinnuvegum og opinberri þjónustu.

**Nýjungar í atvinnulífni:** Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar er heimilt skv. 24. gr. laga um stofnunina að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Var auglýst eftir umsóknum og bærust umsóknir frá 25 aðilum varðandi 50 hugmyndir. Var áætlanadeild falið að semja skýrslu um umsóknirnar, er skilað var í febrúar 1973. Voru þær síðan sendar til umsagnar ýmissa rannsóknarstofnana, en afgreiðsla styrkja og önnur samskipti við umsækjendur er á vegum lánadeildar.

Starfslíð: Síðari hluta ársins 1972 voru 8 sérfræðingar að starfi í áætlanadeild (7½ starf) og 2 ritarar, en fækkaði um einn sérfræðing fyrir lok ársins. Á miðju ári 1973 urðu þær breytingar, að ráðinn var arkitekt, sérmenntaður í skipulagi og áætlanagerð, en hagfræðingur í hálfu starfi sagði því lausu. Í nóvember var ráðinn hagfræðingur og viðskiptafræðingur, og annar viðskiptafræðingur um áramót. Um síðustu áramót höfðu þannig verið ráðnir 10 sérfræðingar og 2 ritarar, eða alls 12 starfsmenn. Sumarvinna og önnur lausavinna stúdenta og kandidata var óvenju mikil, eða svaraði alls um 1½ starfsári.

#### Starfsemi lánadeildar.

Eins og greint var frá í ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar fyrir árið 1972 eru Framkvæmdasjóður Íslands og Byggðasjóður starfræktir innan lánadeildar. Lánadeild tekur við umsóknum um lán úr sjóðunum, annast athugun þeirra og úrvinnslu og sér um afgreiðslu þeirra lána, sem samþykkt eru af stjórn stofnunarinnar.

Lánadeild sér um bókhald sjóðanna, innheimtu og önnur samskipti við lán-takendur eftir því, sem þörf er á, og ýmiss konar skýrslugerð um lánamál. Lánadeild annast ennfremur bókhalds- og gjaldkerastörf fyrir stofnunina sjálfa.

Náin samvinna er milli lánadeildar og fjárfestingarlánasjóðanna um gerð áætla-ana um fjáröflun og lánveitingar sjóðanna eins og greint hefir verið frá í kaflanum um Framkvæmdasjóð og starfsemi fjárfestingarlánasjóða.

Jafnframt er haft samráð við sjóðina um athugun einstakra lánsúmsókna, þegar þörf er á, en algengt er, að fleiri en einn fjárfestingarlánasjóður taki þátt í fjármögnun þeirra framkvæmda, sem um ræðir.

Þá eru einnig náin samskipti við Atvinnuleysistryggingasjóð, sem í sumum tilvikum tekur þátt í sameiginlegri lausn fjárhagsvanda fyrirtækja ásamt Byggðasjóði. Einnig er haft samráð við viðskiptabankana um einstök lánamál, sem til athugunar eru. Þá er og þess að geta, að náin samskipti eru við bankana um kaup þeirra á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Sama máli gegnir um samskipti við lífeyrissjóðina um kaup þeirra á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs. Eins og að framan er lýst, er meginstarfsemi lánadeildar fólgin í umsjá og rekstri Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs og samskiptum við fjölmarga aðila um lánamál.

Einnig lætur deildin í té ýmsa þjónustu fyrir Framkvæmdastofnunina í heild. Fastráðið starfsfólk við deildina í árslok 1973 var alls 10, þar af 6 karlar og 4 konur.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir starfsemi Framkvæmdasjóðs á árinu 1973 og þar á eftir fyrir starfsemi Byggðasjóðs 1973.

#### Rekstur Framkvæmdasjóðs.

Lánveitingar: Á árinu 1973 veitti Framkvæmdasjóður ný lán að fjárhæð alls 1.812.4 m. kr., sem skiptast þannig:

	Millj. kr.
Byggðasjóður .....	325,0
Ferðamálasjóður og lán til hótela .....	29,0
Fiskveiðisjóður Íslands .....	930,0
Lánasjóður sveitarfélaga .....	105,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	300,0
Stofnlánadeild samvinnufélaga .....	10,0
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands .....	45,0
Verslunarlánasjóður .....	10,0
Ríkissjóður v/Kísiliðjunnar h.f. ....	20,0
Árni Þormóðsson, Neskaupstað .....	1,8
Bátanaust h.f., Reykjavík .....	2,0
Bæjarsjóður Ísafjarðar .....	7,0

	Millj. kr.
Dagur Kristmundss. og Sigurður Þórarinss., Egilsst. ....	1,7
Einar Jónsson, Hafnarfirði .....	1,0
Fiskiðja Suðurnesja h.f. ....	1,0
Gunnar Guðmundsson h.f., Reykjavík .....	2,5
Hreppssjóður Suðureyrarhrepps .....	1,8
Pálmi Jónsson og Ragnar Björnsson, Sauðárkróki .....	1,8
Rekan h.f., Keflavík .....	1,5
Slippstöðin h.f., Akureyri .....	10,0
Sædýrasafnið, Hafnarfirði .....	3,8
Tungulax h.f., Ölfushreppi .....	2,5
<b>Samtals</b>	<b>1.812,4</b>

**Lántökur:** Á árinu 1973 tók Framkvæmdasjóður lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 800 m. kr. Lán þetta er í Evrópureikningseiningum og er það hluti þess erlenda láns, sem ríkissjóður tók á árinu með skuldabréfaútgáfu á fjármagnsmörkuðum í Evrópu. Lánið endurgreiðist á árunum 1974—1988.

Þá tók Framkvæmdasjóður annað lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 150 m. kr., en fé þetta er hluti að andvirði spariskírteinaútgáfu ríkissjóðs á árinu 1973. Lánið endurgreiðist ríkissjóði á 14 árum með 5¼% vöxtum og eru árlegar greiðslur afborgana og vaxta tengdar vísitölu byggingarkostnaðar, en hún var 853 stig þegar lántakan fór fram.

Framkvæmdasjóður tók á árinu lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 160 m. kr. Lán það endurgreiðist á 10 árum.

Á árinu 1973 voru á ný gerðir samningar milli Framkvæmdasjóðs viðskipta-bankanna þess efnis, að bankarnir lánuðu Framkvæmdasjóði 10% af aukningu innlána bankanna á árinu 1973. Lán samkvæmt þessu samkomulagi að viðbættum eftirstöðvum frá fyrra ári námu 480 m. kr., en ógreitt til Framkvæmdasjóðs í árslok 1973 var 237 m. kr. Lán þessi endurgreiðast á 15 árum.

Á árinu 1973 var leitað til lífeyrissjóðanna í landinu um að þeir keyptu skulda-bréf af Framkvæmdasjóði. Slík skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna námu alls 168 m. kr. á árinu. Lán þessi endurgreiðast lífeyrissjóðunum á 15 árum með 5% vöxtum og eru greiðslur afborgana og vaxta bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

**Reikningar Framkvæmdasjóðs:** Eins og fram kemur af rekstrarreikningi námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs á árinu 1973 60,0 m. kr., en hreinar tekjur Mót-virðissjóðs 23,6 m. kr. Samtals námu því hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mót-virðissjóðs 83,6 millj. kr. samanborið við 68,1 millj. kr. árið áður.

Eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu í árslok 1973 1.069,3 m. kr. og höfðu þá hækkað á árinu um 77,4 m. kr.

#### **Rekstur Byggðasjóðs.**

**Lánveitingar:** Á árinu 1972, sem var fyrsta starfsár Byggðasjóðs, námu samþykkt lán og styrkir sjóðsins 480 m. kr. Árið 1973 voru samþykkt ný lán og styrkir að fjárhæð 357 m. kr. og hefir þá verið ráðstafað á þessum tveim árum 837 m. kr. í lán og styrki. Hér er átt við samþykktar lánveitingar og styrki, en útborgun fjárs-ins dregst tíðum af ýmsum eðlilegum orsökum eins og á sér stað þegar lánsloforð er veitt til skipasmíða, en lán þau greiðist út seint á smíðatíma skipanna.

Ógreidd lánsloforð Byggðasjóðs námu í árslok 1972 273 m. kr., en í árslok 1973 196 m. kr. Útborgað lánsfé Byggðasjóðs 1973 nam 500 m. kr.



Á árinu 1973 voru samþykkt 339 lán og styrkir að fjárhæð 357,3 m. kr. og skiptist fjárhæðin þannig eftir framkvæmdum:

	Millj. kr.	
1. Nýsmíði fiskiskipa (5%)		
Bátar .....	24,4	
Skuttogarar .....	6,9	31,3
2. Nýsmíði fiskiskipa (10%)		
Bátar .....	21,2	
Skuttogarar .....		21,2
3. Kaup á notuðum fiskiskipum		
Bátar .....	19,7	
Skuttogarar .....	41,7	61,4
4. Endurbætur fiskiskipa .....		9,8
5. Fiskiskip/sérstök fyrirgreiðsla		
Bátar .....	2,0	
Skuttogarar .....	7,0	9,0
6. Fiskvinnsla .....		71,9
7. Niðursuða ..		4,0
8. Fiskimjòlsverksmiðjur .....		3,4
9. Framleiðsluðnaður .....		48,3
10. Þjónustuiðnaður .....		23,9
11. Sveitarfélög .....		41,5
12. Vaxtarstyrkir vegna raflínulána sveitabýla		0,7
13. Annað .....		30,9
		Samtals 357,3

Skýrsla, sem jafnframt sýnir skiptingu framangreindra lánsloforða og styrkja eftir landshlutum, er birt síðar í þessari ársskýrslu. Þar er einnig að finna sundurliðaða skrá með nöfnum þeirra aðila, sem fengið hafa loforð um lán eða styrki úr Byggðasjóði á árinu 1973.

**Lántökur:** Á árinu 1973 tók Byggðasjóður þrjú lán hjá Framkvæmdasjóði, að fjárhæð samtals 325 m. kr. Af lánunum þessum voru 175 m. kr. í erlendri mynt með 9½% vöxtum, 62 m. kr. af innlendu fé með 6¼% vöxtum og vísitölutryggingu og loks 88 m. kr. af innlendu fé með 12½% vöxtum.

**Reikningar Byggðasjóðs:** Á árinu 1973 námu hreinar tekjur Byggðasjóðs 26,0 m. kr. Eiginfjárreikningar Byggðasjóðs að meðtöldum Mótvirðissjóði námu í árslok 1973 690,1 m. kr. og höfðu þá vaxið um 162,8 m. kr. á árinu. Hin mikla aukning eiginfjár sjóðsins stafar fyrst og fremst af framlagi ríkissjóðs, er nemur 100 m. kr. árlega í 10 ár. Framleiðslugjald af áli nam 74,1 m. kr., sem er meir en tvöföld fjárhæð gjaldsins árið 1972, en þá nam það 36,4 m. kr. Veittir styrkir námu 9,4 m. kr. Af lánunum var afskrifað 22,2 m. kr. og af gengistapi 7,0 m. kr.

#### **Framkvæmdasjóður og starfsemi fjárfestingarlánasjóða.**

Eins og segir í lögum um Framkvæmdastofnunina er hlutverk Framkvæmdasjóðs að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarþróun að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, en þessu hlutverki skal sjóðurinn gegna einkum með því að veita fé til fjárfestingarlánasjóðanna. Samskipti Framkvæmdasjóðs við fjárfestingarlánasjóðina eru því mjög nán og hafa farið vaxandi, en þau varða fyrst og fremst gerð áætlana um fjármögnun og lánveitingar sjóðanna og lánveitingar Framkvæmdasjóðs til þeirra.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða uxu mjög mikið á árinu 1973 og námu það ár 1.742 m. kr., en 1.110 m. kr. árið 1972 og 377 m. kr. árið 1971.

Heilarlánveitingar og styrkir þessara sjóða námu 2.984 m. kr. árið 1973, en árið 1972 námu þær 2.498 m. kr. og 1.662 m. kr. árið 1971. Ljóst er, að lánveitingar sjóðanna fara enn vaxandi á árinu 1974.

Þessar auknu lánveitingar stafa bæði af hækkuðum kostnaði við framkvæmdir samfara mikilli fjárfestingu atvinnuveganna og þá einkum sjávarútvegsins vegna hinna miklu skipakaupa og uppbyggingar hraðfrystihúsanna.

Eins og getið var um í síðustu ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar hefir eigið ráðstöfunarfé fjárfestingarlánasjóðanna ekki vaxið að sama skapi og útlán sjóðanna hafa aukist. Í apríl mánuði 1973 voru samþykkt lög á Alþingi um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Iðnlánasjóð, þar sem þessum fjárfestingarlánasjóðum voru ákveðnir auknir tekjustofnar. Þessi laga-setning bætir að visu fjárhagsstöðu þessara sjóða all verulega. Hins vegar er þess að geta, að útlánavextir fjárfestingarlánasjóðanna sumra hverra eru í engu samræmi við almenna vexti. Samkvæmt ákvörðun Seðlabankans 30. apríl 1973 er heimilt að taka 12½% vexti af nýjum afborgunarlánum, og eru það raunar þeir vextir, sem fjárfestingarlánasjóðirnir þurfa að greiða af innlendu lánsfé til langs tíma, sé það ekki verðtryggt. Þessi mikli vaxtamunur er sjóðunum að sjálfsögðu mjög óhagstæður og skerðir eiginfjármýndun þeirra stórlega auk þess sem þessir mjög lágu útlánavextir sjóðanna örfa eftirspurn eftir lánsfé úr sjóðunum og gerir fjármögnun- unarvanda þeirra miklu meiri en ella.

Af þessu leiðir, að brýna nauðsyn ber til að endurskoða útlánakjör fjárfestingarlánasjóðanna og samræma þau milli sjóðanna innbyrðis og mjög kæmi til greina að taka jafnframt upp samræmda verðtryggingu lánanna í einhverjum mæli hjá fjárfestingarlánasjóðunum almennt.

Fjármál sjóðanna komast ekki í viðunandi horf fyrir en mál þessi eru tekin föstum tókum og nauðsynlegum breytingum komið á.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir lánveitingum og fjármögnun þeirra fjárfestingarlánasjóða, sem Framkvæmdasjóður lánar til.

#### Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Lánveitingar Stofnlánadeildarinnar hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár og á sama tíma hafa lán Framkvæmdasjóðs til deildarinnar vaxið mjög verulega eins og eftirfarandi tölur sýna (m. kr.).

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	255	371	509
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	130	200	300

Eigið ráðstöfunarfé Stofnlánadeildarinnar árið 1973 var um 84 m. kr., aukning bráðabirgðalána var 138 m. kr., tekin löng lán hjá Lífeyrissjóði bænda, og aukning skyldusparnaðarfjár 82 m. kr. og lán frá Framkvæmdasjóði 300 m. kr. Alls gerir þetta 604 m. kr. Veitt lán deildarinnar námu 509 m. kr. á árinu en bankainnstæður í árslok 1973 voru 95 m. kr.

Bein framlög án endurgjalds, sem Stofnlánadeildin fékk árið 1973, námu 149 m. kr. og höfðu þá hækkað um 55 m. kr. frá árinu áður, og valda þar mestu breytingar þær, sem gerðar voru á tekjustofnun deildarinnar með lagabreytingum í apríl 1973.

Þrátt fyrir hin auknu framlög til deildarinnar varð eigið ráðstöfunarfé hennar einungis 84 m. kr. árið 1973 eins og fyrr greinir. Á árinu 1974 er áætlað að framlög til Stofnlánadeildarinnar muni nema um 255 m. kr. Eigið ráðstöfunarfé deildarinnar er áætlað 112 m. kr. þegar greitt hefir verið bráðabirgðalán 150 m. kr. frá árinu 1973.

### Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Lánveitingar Veðdeildarinnar og lán frá Framkvæmdasjóði undanfarin þrjú ár hafa verið þessi (m. kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	15	51	48
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	10	35	45

Eigið ráðstöfunarfé Veðdeildarinnar 1973 var neikvætt um 6 m. kr. Endurgreitt var bráðabirgðalán hjá Búnaðarbankanum 6 m. kr., tekið lán hjá Lífeyrissjóði bænda 25 m. kr. og hjá Framkvæmdasjóði 45 m. kr. Deildin hafði því til ráðstöfunar alls 58 m. kr. Lánveitingar ársins námu 48 m. kr. og bankainnstæða í árslok var 10 m. kr.

Bein framlög án endurgjalds til deildarinnar námu 8 m. kr. árið 1973, en eigið ráðstöfunarfé deildarinnar var þrátt fyrir það neikvætt um 6 m. kr.

Áætlað er að eigið ráðstöfunarfé deildarinnar 1974 verði neikvætt um 5 m. kr.

### Fiskveiðasjóður Íslands:

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs og lántökur hafa numið sem hér segir árin 1971—1973 (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	866	1 253	1 434
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	96	595	930
Lán frá öðrum aðilum .....	282	280	—

Eigið ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs á árinu 1973 var um 531 m.kr. Bráðabirgðalán sjóðsins jukust um 13 m.kr., og lán frá Framkvæmdasjóði námu 930 m.kr. Alls gerir þetta 1 474 m.kr. Lánveitingar sjóðsins á árinu námu 1 434 m.kr. og innstæða í banka var um 40 m.kr. í árslok.

Af eigin ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs 1973, 531 m.kr., voru bein framlög án endurgjalds 149 m.kr.

Með breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð, sem gerð var í apríl 1973 eru aukin framlög til sjóðsins um 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða að viðbættu 1% mótframlagi ríkissjóðs. Einungis 28 m.kr. greiddust til sjóðsins af gjaldi þessu á árinu 1973, en árið 1974 kemur gjald þetta hins vegar inn að fullu fyrir allt árið og er áætlað að það nemi alls 378 m.kr. á árinu.

Eigið ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1974 er áætlað 753 m.kr., en var sem áður sagði 531 m.kr. árið 1973. Hefir því fjárhagsstaða sjóðsins styrkst mjög verulega við setningu hinna nýju laga um sjóðinn, enda fara stórum vaxandi kröfur þær, sem gerðar eru til sjóðsins um lánveitingar til skipakaupa og byggingar hraðfrystihúsa.

Á árinu 1973 tók Fiskveiðasjóður erlent lán að fjárhæð 945 m.kr. til að greiða að fullu lán í japönskum yenum vegna skuttogarakaupa. Samsvarandi lánveitingar Fiskveiðasjóðs til kaupenda togaranna eru hér ekki meðtaldar til að réttur samiburður milli ára haldist, enda var hér um að ræða sérstök lánsviðskipti, sem einungis byggðust á stöðu ákveðinna gjaldmiðla.

### Iðnlánasjóður:

Lánveitingar Iðnlánasjóðs og lán frá Framkvæmdasjóði og Iðnþróunarsjóði árin 1971—1973 hafa numið sem hér segir (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	131	176	238
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	12	40	—
Lán frá Iðnþróunarsjóði .....	24	—	50

Eigið ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs á árinu 1973 nam 225 m.kr. Greidd voru bráðabirgðalán að fjárhæð 7 m.kr. Tekið var lán 50 m.kr. hjá Iðnþróunarsjóði, og hafði sjóðurinn því alls til ráðstöfunar 268 m.kr. Lánveitingar sjóðsins voru á árinu 238 m.kr. og innstæða í bönkum í árslok 30 m.kr.

Í aprílmánuði 1973 voru samþykktar á Alþingi lagabreytingar um Iðnlánasjóð þar sem tekjur sjóðsins eru auknar verulega. Iðnlánasjóðsgjaldið var hækkað um 25% úr 0.4% í 0.5% og árlegt framlag ríkissjóðs hækkað úr 15 m.kr. í 50 m.kr.

Bein framlög til sjóðsins án endurgjalds á árinu 1973 námu 126 m.kr.

#### Lánasjóður sveitarfélaga:

Lánveitingar Lánasjóðs sveitarfélaga og lán frá Framkvæmdasjóði árin 1971—1973 voru sem hér segir (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	73	141	169
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	40	100	105

Eigið ráðstöfunarfé Lánasjóðs sveitarfélaga 1973 var 63 m.kr. Sjóðurinn tók bráðabirgðalán hjá Bjargráðasjóði 15 m.kr. Lántaka sjóðsins hjá Framkvæmdasjóði nam 105 m.kr. Alls hafði sjóðurinn því til ráðstöfunar 183 m.kr. Lánveitingar á árinu námu 169 m.kr. og innstæða í banka var 14 m.kr. í árslok.

#### Ferðamálasjóður:

Lánveitingar Ferðamálasjóðs og lán frá Framkvæmdasjóði hafa verið þessi árin 1971—1973 (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	18	29	19
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	12	25	17

Eigið ráðstöfunarfé Ferðamálasjóðs árið 1973 nam 8 m.kr. Lántaka hjá Framkvæmdasjóði var 17 m.kr. Sjóðurinn hafði því alls 25 m.kr. til útlána. Veitt lán á árinu voru 19 m.kr. og innstæða í banka 6 m.kr.

#### Verslunarlánasjóður:

Lánveitingar Verslunarlánasjóðs og lántökur hans árin 1971—1973 hafa verið þannig (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	40	44	51
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	15	10	10
Aðrar lántökur .....	20	28	30

Eigið ráðstöfunarfé sjóðsins árið 1973 var 11 m.kr. Sjóðurinn tók lán hjá Lífeyrisjóði verslunarmanna 30 m.kr. og hjá Framkvæmdasjóði 10 m.kr. Alls hafði sjóðurinn því til lánveitinga 51 m.kr. á árinu og var sú fjárhæð öll notuð til lánveitinga á árinu.

#### Stofnlánadeild samvinnufélaga:

Lánveitingar Stofnlánadeildarinnar og lán frá Framkvæmdasjóði árin 1972—1973 voru þannig (m.kr.):

	1972	1973
Lánveitingar .....	8	16
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	10	10

Eigið ráðstöfunarfé deildarinnar nam árið 1973 13 m.kr. en innstæða í banka í árslok var 7 m.kr.

**Byggðasjóður:**

Lánveitingar Byggðasjóðs (Atvinnuþróunarsjóðs og Atvinnumálanefndar ríkisins) og lán frá Framkvæmdasjóði og Iðnþróunarsjóði árin 1971—1973 hafa verið sem hér segir (m.kr.):

	1971	1972	1973
Lánveitingar .....	234	394	500
Lán frá Framkvæmdasjóði .....	62	100	325
Lán frá Iðnþróunarsjóði .....	—	50	—

Eigið ráðstöfunarfé Byggðasjóðs á árinu 1973 nam 331 m.kr. Lántökur voru 325 m.kr. Til ráðstöfunar var því alls 656 m.kr. Útborguð lán námu 500 m.kr. og innstæða í banka í árslok 156 m.kr.

Hér að framan hefur einungis verið fjallað um þá fjárfestingarlánasjóði, sem Framkvæmdasjóður hefur veitt lán til. Ef gera á sér grein fyrir fjárfestingarlánasjóðakerfinu í heild er hins vegar nauðsynlegt að telja með nokkra þýðingarmikla sjóði, sem ekki hafa verið nefndir hér að framan, en þeir eru: Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild Landsbanka Íslands, Byggingarsjóður verkamanna, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Iðnþróunarsjóður, Iðnrekstrarsjóður og Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Útlán allra þessara fjárfestingarlánasjóða hafa numið samtals 4 930 m.kr. á árinu og er það 805 m.kr. eða um 20% hærri lánveitingar en árið 1972.

**Lánveitingar fjárfestingarlánasjóða 1970—1973 (Í millj. kr.):**

	1970	1971	1972	1973
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	141	255	371	509
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands .....	15	15	51	48
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ....	9	7	29	54
Fiskveiðisjóður .....	529	866	1 253	1 434
Verslunarlánasjóður .....	33	40	44	51
Iðnlánasjóður .....	169	131	176	238
Iðnþróunarsjóður:				
Bein útlán .....	31	222	191	253
Lán til annarra sjóða .....	(50)	(24)	(50)	(50)
Veðd. L. Í. og Bygg.sj. ríkisins .....	681	972	1 087	1 471
Byggingarsjóður verkamanna .....	20	13	53	75
Byggðasjóður .....	269	234	393	500
Framkvæmdasjóður Íslands:				
Bein útlán .....	80	70	294	72
Lán til annarra sjóða .....	(398)	(377)	(1 110)	(1 742)
Lánasjóður sveitarfélaga .....	60	73	141	169
Ferðamálasjóður .....	5	18	29	19
Stofnlánadeild samvinnufélaga .....	—	—	8	16
Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands .....	—	—	5	13
Iðnrekstrarsjóður .....	—	—	—	8
<b>Samtals</b>	<b>2 042</b>	<b>2 916</b>	<b>4 125</b>	<b>4 930</b>

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna í árslok 1973 námu 20 517 m.kr. og var það 4 638 m.kr. eða um 30% hærri fjárhæð en í árslok 1972. Í niðurstöðutölum hvers árs eru ekki meðtalin lán á milli sjóða, en af lánnum Framkvæmdasjóðs eru 4 534 m.kr., eða nálægt 73% af útlánnum sjóðsins, lán til annarra sjóða í árslok 1973. Hér fer á eftir tafla er sýnir útlán hvers einstaks fjárfestingarlánasjóðs eins og þau eru í lok hvers árs 1970 til 1973.

**Heildarútlán fjárfestingarlánasjóða í árslok 1970—1973: (Í millj. króna):**

	1970	1971	1972	1973
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	1 208	1 384	1 690	2 065
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands .....	274	284	372	417
Framleiðnisjóður landbúnaðarins .....	25	30	34	49
Fiskveiðasjóður .....	2 315	2 880	3 983	6 107
Verslunarlánasjóður .....	66	100	134	172
Iðnlánasjóður .....	551	609	681	815
Iðnþróunarsjóður:				
Lán til fjárfestingarlánasjóða .....	(50)	(69)	(124)	(156)
Bein útlán .....	31	248	449	494
Veðd. L. Í. og Bygg.sj. ríkisins .....	3 184	3 990	4 925	6 149
Byggingarsjóður verkamanna .....	344	353	405	477
Byggðasjóður .....	686	835	1 221	1 501
Framkvæmdasjóður:				
Lán til fjárfestingarlánasj. ....	(1 673)	(1 940)	(3 430)	(4 534)
Bein útlán .....	1 827	1 747	1 559	1 679
Lánasjóður sveitarfélaga .....	138	196	323	442
Ferðamálasjóður .....	49	66	90	104
Stofnlánadeild samvinnufélaga .....	—	—	8	23
Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands .....	—	—	5	19
Iðnrekstrarsjóður .....	—	—	—	4
<b>Samtals</b>	<b>10 698</b>	<b>12 722</b>	<b>15 879</b>	<b>20 517</b>

**Greiðsluylfirlit fjárfestingarlánasjóða 1970—1973. (Í millj. króna.):**

**Uppruni fjármagns:**

	1970	1971	1972	1973
<b>Innborgað af veittum lánum: .....</b>	<b>1 648</b>	<b>1 692</b>	<b>2 273</b>	<b>3 266</b>
Afborganir af veittum lánum .....	797	866	1 145	1 655
Vaxtatekjur og vísitöluálag .....	851	826	1 128	1 611
<b>Bein framlög án endurgjalds: .....</b>	<b>884</b>	<b>967</b>	<b>938</b>	<b>1 833</b>
Skatttekjur og ríkisframlög .....	559	752	918	1 400
Framlög sveitarfélaga .....	24	31	15	132
Önnur framlög .....	301	184	5	301
<b>Lántökur: .....</b>	<b>1 277</b>	<b>1 633</b>	<b>3 592</b>	<b>4 730</b>
Frá ríkinu .....	—	—	360	197
— Seðlabankanum .....	3	32	390	317
— innlánastofnunum .....	352	314	269	480
— lífeyrissjóðum .....	70	90	191	355
— Atvinnul. tryggingasjóði .....	104	174	166	173
— Framkvæmdasjóði .....	398	377	1 116	1 742
Innkominn skyldusparnaður .....	250	337	422	612
Önnur innlend lán .....	100	27	61	54
Erlendar lántökur .....	—	282	617	800
<b>Samtals</b>	<b>3 809</b>	<b>4 292</b>	<b>6 803</b>	<b>9 829</b>

**Ráðstöfun fjármagns:**

	1970	1971	1972	1973
<b>Lánveitingar:</b> .....	2 490	3 317	5 285	6 722
Bein útlán .....	2 042	2 916	4 125	4 930
Til annarra sjóða .....	448	401	1 160	1 792
Afborganir af teknum lánum .....	493	618	943	1 191
Greiddir vextir og vísitöluálag .....	542	479	645	1 052
Annað nettó .....	194	15	194	166
Aukning á sjóði og bankainnist. ....	90	÷ 137	÷ 264	698
<b>Samtals</b>	<b>3 809</b>	<b>4 292</b>	<b>6 803</b>	<b>9 829</b>

Greiðslufirlit fjárfestingarlánasjóða sýnir annars vegar uppruna þess fjár, sem sjóðirnir fá til ráðstöfunar, en það skiptist í þrjá megin þætti, þ. e. innborganir af veittum lánum, bein framlög til sjóðanna og lántökur.

Hins vegar sýnir yfirlitið ráðstöfun þessa fjár til lánveitinga, greiðslna af teknum lánum og annarra nettó útborgana.

Hér á undan er birt samandregið greiðslufirlit fjárfestingarlánasjóðanna árin 1970—1973, en greiðslufirlit hvers fjárfestingarlánasjóðs fyrir árið 1973 birtast í töflu aftar í þessari ársskýrslu.

Greiðslufirlit þessi eru að mestu leyti byggð á þeim mánaðarlegu yfirlitum, sem hagfræðideild Seðlabankans tekur saman og birtist um fjármagnsstreymi fjárfestingarlánasjóða.